

Starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóður Eflingar og Reykjavíkurborgar Úthlutunarreglur styrkja til stofnana og fyrirtækja

1. Stjórnendur hjá stofnunum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar geta sótt um styrki úr sjóðnum. Styrkir eru veittir til Reykjavíkurborgar, einstakra sviða eða vinnustaða.
 - a. Styrkir eru veittir til skipulagðrar fræðslu á vegum Reykjavíkurborgar sem varða starfsmenn borgarinnar og er með tilvísun í starfsáætlun.
 - b. Styrkir eru veittir til skipulagðrar fræðslu á vegum einstakra sviða sem varða starfsmenn þeirra og er með tilvísun í starfsáætlun.
 - c. Styrkir eru veittir til skipulagðrar fræðslu á vegum einstakra vinnustaða sem varða flesta starfsmenn þeirra eða starfsmannahópa og er í samræmi við stefnu og megináherslur vinnustaðarins.
2. Fylla þarf út umsóknareyðublað og senda til Eflingar - stéttarfélags. Með umsókn þarf að fylgja lýsing á náminu/verkefninu, skipulagi þess og markmiðum, áætluðum kostnaði og fjölda þátttakenda, öðrum styrkjum og mótframlagi umsækjanda.
3. Umsóknir sem berast fyrir 20. hvers mánaðar eru afgreiddar fyrir 1. næsta mánaðar á eftir. Uppgjör fer fram þegar námi er lokið og staðfesting á kostnaði og þátttöku hefur verið lögð fram ásamt stuttri greinargerð um framgang námsins. Tilgreina þarf nöfn og kennitölur þeirra félagsmanna sem hafa nýtt sér námið áður en styrkur er greiddur.
4. Sömu viðmið gilda um aðra atvinnurekendur sem greiða til sjóðsins.

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast hjá Eflingu – stéttarfélagi, Sætúni 1, á www.efling.is og www.innri.reykjavik.is

-Ekki mega líða meira en 12 mánuðir frá því að námi lýkur þar til að sótt er um endurgreiðslu.

Uppgjör skal alla jafna fara fram innan 12 mánaða frá styrkveitingu.

-Tekið er við umsóknum til og með 20. hvers mánaðar og greitt er út fyrsta virka dag í mánuði. Greitt er inn á bankareikning viðkomandi.

Reglur þessar öðlast gildi 1. janúar 2008

Reykjavík, _____